

184. fundur fræðslunefndar haldinn í Leikskóla Snæfellsbæjar Krílakoti 29.10. 2015 kl. 20.

Mætt: Ari Bent, Laufey Helga Árnadóttir, Gunnar Ólafur Sigmarsson, Örvar Marteinnsson, Adela M. Turloiu, Ingigerður Stefánsdóttir og Hermína Kristín Lárusdóttir .

Fundur settur kl 20:40 eftir að fræðslunefnd skoðaði húsnæðið í fylgd leikskólastjóra

- 1) Í upphafi fundar ítrekar leikskólastjóri beiðni sína um að úttekt verði gerð á Krílakoti með bæjartæknifræðingi og í kjölfarið verði settar fram tölur um fjölda barna og stöðugildi starfsmanna með tilliti til barna með sérþarfir. Formaður fræðslunefndar telur að með umræddri reglugerð hafi verið búið til þrætuepli, en að bæjarstjórn hljóti að eiga síðasta orðið um fjölda barna í leikskólum bæjarins. Málið þarf að skoða og lenda og svo þurfi að vinna út frá því.
- 2) Framkvæmda og fjárfestingaáætlun
  - A) Fræðslunefnd skoðar framkvæmda og fjárfestingaáætlun leikskólastjóra. Fræðslunefnd telur að þessar framkvæmdir geti farið fram á þremur árum, með tilliti til athugasemda við framkvæmdir við bílastæði og aðgengi að Kríubóli.
  - B) Fræðslunefnd telur að sú fjárhæð sem áætluð sé til umræddra framkvæmda við aðgengi að Kríubóli sé allt of há, og skoða þurfi hvort ekki sé hægt að gera nauðsynlegar úrbætur fyrir mikið minna fé.
  - C) Fræðslunefnd veltir fyrir sér hvort umræða um framkvæmdir við bílastæði og aðgengi að Kríubóli eigi fremur heima hjá skipulags og bygginganefnd fremur en fræðslunefnd.
  - D) Fræðslunefnd biður leikskólastjóra að bæta inn í skjalið framkvæmdum við að þetta glugga á sunnanverðri byggingunni Krílakotið – þar sem ekki sé gott að sparsla og mála við glugga sem enn lekur meðfram.
  - E) Fræðslunefnd samþykkir að skoða skjal leikskólastjóra og leggja fram sínar hugmyndir að forgangsörðun.
- 3) Minnispunktar leikskólastjóra
  - A) Starfsdagur er á leikskólanum mánudaginn 2. Nóvember vegna skólamálaþings. Einnig verður starfsdagur mánudaginn 4. Janúar 2016
  - B) „Fræðslustjóri að láni“ verkefnið er í gangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 22:20

Fundarritari: Örvar Marteinnsson